
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 96. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 6. maí 2010, kl. 14:00-15:30
Fundarstaður: Landsnet, Gylfaflöt 9
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Gögn ársins 2009, Nordel gögn og stuðlar.
3) Kostnaður vegna skorts, stóriðja.
4) Stuttar truflanir.
5) Vefútgáfa skráningarkerfisins.
6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson
Rúnar Svavar Svavarsson
Ragnar Emilsson
Ívar Þorsteinsson
Egill Sigmundsson
Kjartan Rolf Árnason
Gunnar Haukur Gunnarsson
Efla: Jón Vilhjálmsson
Landsnet: Páll Magnússon
Fjarverandi: Sigfús Guðlaugsson

- 1) Skráning truflana er í góðu horfi hjá öllum veitunum og engin vandamál í gangi.
- 2) JV sagðist vera búinn að taka saman Nordel gögn fyrir árið 2009 og sýndi töflur með gögnunum. PM nefndi að í tölur um einingafjölda virtist vanta einhverjar einingar hjá veitunum svo sem spenna. ES sagði að í HS tölum væru einungis spennar HS Veitna en ekki spennar HS Orku. RS sagði að ákveðið hefði verið að gefa út Nordel gögnin á þessu ári sem líklega væri síðasta árið sem það væri gert. Ákveðið var að senda gögnin eins og þau eru til útgáfu þar sem þau eru í samræmi við tölur síðustu ára og ekki ástæða til að leggja í vinnu við að fara yfir einingafjöldann ef þetta er síðasta árið sem þessar tölur verða teknar saman.
- 3) JV sagðist hafa fengið nýjar tölur frá Rio Tinto Alcan um kostnað vegna skorts og sýndi hann þær tölur. Þessar tölur eru trúnaðarmál svo ekki má birta þær einar. Önnur álfyrirtæki hafa ekki svarað og spurði JV hvort Orkustofnun eða Landsnet hefðu möguleika á að ýta á þessa aðila. ÍP og RS ætla að skoða það og mun JV senda þeim

fyrirspurnina sem fór til fyrirtækjanna. KRÁ spurði hvernig þessar tölur pössuðu við eldri gögn. JV sagðist ekki vera með þau gögn en ætlar að taka þau saman.

- 4) JV dreifði tölum um truflanir sem greindar eru niður eftir því hvort þær standa skemur en 3 mínútur eða lengur. Bæði er um að ræða fjölda truflana og skerðingu. KRÁ taldi að einungis ætti að nota truflanir sem standa lengur en 3 mínútur í tölfræðinni þar sem það sé í samræmi við gögn annarra þjóða. Einnig talda hann tölur um stuttar truflanir mun ónákvæmari. Þessar truflanir eru einungis tæplega 10% af heildarfjöldanum og með innan við 0,1% af skerðingunni. Áhrif stuttra truflana á flesta stuðla eru því lítil. Fundarmenn töldu mikilvægt að skrá stuttar truflanir en greina skal tölfræðina í sundur við 3 mínútur og var JV falið að gera það eftirleidis í tölfræði. Einnig þyrfti að greina eyðublöð Orkustofnunar í sundur á þennan hátt. KRÁ benti einnig á að hjá mörgum þjóðum væru „Exceptional events“ tekin út úr tölfræðinni. Nokkur umræða varð um þetta og voru fundarmenn ekki vissir um að slíkt væri skynsamlegt.
- 5) JV sagði að GHG hefði notað vefútgáfu af skráningarkerfinu til að skrá truflanir og ER hefur fengið Test aðgang að kerfinu. GHG sagði að ýmislegt ætti eftir að slípast til sem kæmi með notkun á kerfinu en uppsetning á skjámyndum og slíkt væri í góðu lagi. JV sagði að meðan enginn notar kerfið sé það ekki þróað áfram. Hann sagðist geta sett inn prófunargrunn fyrir þær veitur sem hefðu áhuga svo þær gætu skoðað kerfið með eigin gögnum. Fundarmenn munu hafa samband við JV ef þeir haf áhuga á því. Einnig er möguleiki að Efla hýsi gögn fyrir veiturnar en þá verða þær alfarið að nota vefútgáfuna. Ef gagnagrunnur er hýstur hjá viðkomandi veitu er hægt að nota bæði eldri útgáfu og vefútgáfuna.
- 6) Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinnt:

Dreift var á fundinum:

- Tölur yfir fjölda truflana og skerðingu skipt eftir því hvort truflun stendur skemur eða lengur en 3 mínútur.

Sýnt var en ekki dreift:

- Nordel gögn

- Tölur frá Rio Tinto Alcan um kostnað vegna skorts.
- Vefútgáfa skráningarkerfisins.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Skilgreining á langri rekstraruflun sem senda þarf Orkustofnun skýrslu um.
JV	Samanburður á nýjum tölum Rio Tinto Alcan og eldri tölum um kostnað vegna skorts.
ÍP, RS	Athuga með hvort hægt sé að fá gögn um kostnað vegna skorts hjá Fjarðaáli.
JV	Skipt tölfræði í tvennt eftir því hvort truflanir standa innan við 3 mínútur eða lengur.
ÍP	Breyta eyðublöðum um stuðla sem senda á Orkustofnun þannig að fram komi skipting við 3 mínútur